



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS



Ársskýrsla 2020

FRÁ FORSTJÓRA HSU



Að baki er enn eitt viðburðarríkt starfsár í heilbrigðisþjónustu HSU og óhætt að fullyrða að það hafi verið með öðru sniði en við erum vön. Á árinu 2020 hafa víða orðið talsverðar breytingar á starfsemi fyrirtækja og stofnana og er Heilbrigðisstofnun Suðurlands ekki undanskilin í þeim efnum enda stóð stofnunin frammi fyrir nýjum áskorunum á degi hverjum. Í lok ársins hófst nýtt verkefni í tengslum við faraldurinn en þá bárust

okkur fyrstu bóluefnin gegn COVID-19. Mikil vinna hefur farið í skipulag bólusetningarinnar og er eftirvæntingin eftir árangri þeirra áþreifanleg í samfélaginu.

Baráttan við COVID-19 hefur gefið heilbrigðisþjónustunni í heild sinni tækifæri til endurskoðunar, enda ýmislegt hægt að læra af þeim aðgerðum sem ráðist var í. Í upphafi faraldursins var gripið til róttækra viðbragðsáætlana innan HSU. Miklar breytingar voru gerðar á skipulagi, verkefnum var forgangsraðað og tryggt var að nauðsynlegri þjónustu væri sinnt. Starfsmenn HSU unnu mikið þrekvirki og voru fljótir að tileinka sér nýjan samskiptamáta, starfsaðferðir og tækni til að mæta breyttum tímum. Ljóst er að margar nýjar lausnir hafa skotið upp kollinum, lausnir sem flestar eru í takt við heilbrigðisstefnu stjórnvalda og geta því vel átt við þegar faraldurinn er genginn yfir. Sem dæmi má nefna eflingu fjarheilbrigðisþjónustu, möguleika einstaklinga á að hafa samband við heilbrigðisþjónustu stafrænt, breytt vinnufyrirkomulag á heilsugæslustöðvum, breytingu á dag- og göngudeildarþjónustu, aukningu á rafrænum lausnum og svo mætti lengi telja.

Rekstur hvernar heilbrigðisstofnunar er mikil áskorun og mikilvægt er að nýta fjármuni á hverjum tíma þannig að við stöndum undir þeirri ábyrgð að tryggja aðgengi að öruggri heilbrigðisþjónustu. HSU hefur verið að glíma við hallarekstur undanfarin ár og því er ljóst að vanda þarf til verka við að snúa þeirri þróun við. Framkvæmdastjórn leitar stöðugt leiða til að ná niður hallarekstri stofnunarinnar með aðhaldi í rekstri og draga úr kostnaði. Á sama tíma er mikilvægt að halda áfram að bæta þjónustuna og efla HSU sem heilbrigðisstofnun. Markviss stefnumótunarvinna er nú að baki þar sem framtíðarstefna HSU til ársins 2025 liggur fyrir ásamt starfsáætlun fyrir árið 2021. Markmið stefnunnar er að stuðla að sterkari liðsheild meðal starfsmanna, auka starfsánægju og bæta þjónustu skjólstæðinga stofnunarinnar. Mikilvægt er að horfa björtum augum til framtíðar og vera með skýra framtíðarsýn og hefur HSU alla

burði til að vera framsækin stofnun sem stefnir á að vera í fararbroddi í heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Það er ánægjulegt að greina frá nýrri starfsemi geðheilbrigðisteymis innan HSU. Teymið tók formlega til starfa í lok árs 2019, eftir langa og stranga undirbúningsvinnu. Starfsemin hefur aukist jafnt og þétt á árinu 2020 en markmiðið með nýja geðheilbrigðisteyminu er að veita þverfaglega þjónustu á sviði geðheilbrigðismála og er þessi þjónusta viðbót við þau úrræði sem hafa verið til staðar innan HSU.

Formleg sameining allra heilbrigðisstofnana á víðfeðmasta heilbrigðisumdæmi landsins lauk á árinu þegar rekstur heilbrigðisþjónustunnar á Höfn í Hornafirði sameinaðist stofnuninni, að hjúkrunar- og dvalarrýmum undanskildum. Formlegri sameiningu var náð þann 1. maí 2020.

Mikilvægt skref í jafnréttismálum náðist á starfsárinu þar sem mikilli vinnu lauk með jafnlaunavottun sem stofnunin hlaut þann 4. maí 2020. Þær kröfur sem gerðar eru í tengslum við jafnlaunavottun marka ákveðnar áherslur í starfi og munum við halda ótrauð áfram á þeirri braut með það að markmiði að gera gott starf enn betra.

Á haustmánuðum ákvað heilbrigðisráðherra að tryggja HSU aukið fjármagn til að koma á fót fjórum rýmum þar sem unnt er að veita líknar- og lífslokameðferð. Þetta skref er mikilvægur þáttur í þjónustu HSU sem fagnar því að fá tækifæri til að geta stutt betur við líknarþjónustu á þeim erfiða tíma sem sjúklingar og aðstandendur standa frammi fyrir þegar lífslok nálgast.

Í byrjun árs 2020 hófst innleiðing nýs greiðslulíkans heilsugæslunnar sem markar tímamót í rekstri heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni. Innleiðingin er liður í skilvirkum þjónustukaupum og á að gæta jafnræðis á milli rekstraraðila og notenda. Aðferðafræðin byggist á því að fjármagn til rekstrar hvernar heilsugæslustöðvar endurspeglar þann hóp skjólstæðinga sem viðkomandi heilsugæslustöð þjónar.

Það er ómetanlegt að finna hversu mikinn velvilja og stuðning HSU nýtur í samfélaginu og erum við sem störfum á stofnuninni afar þakklát öllum þeim fjölmörgu félögum og einstaklingum sem hafa lagt okkur lið. Við sendum þeim okkar dýpstu þakki.

Starfsfólk HSU er einstaklega sterkur og góður hópur og er ég stolt af því að tilheyra þessum öfluga hópi og þakka þeim fyrir samstarfið á liðnu starfsári. Við fögnum þeim sigrum sem við höfum náð og kappkostum að gera enn betur á komandi miss-erum. Sem fyrr er fagmennska í fyrirrúmi með öryggi og vel-liðan sjúklinga og starfsfólks að leiðarljósi.

Dána Óskarsdóttir, forstjóri



STARFSEMI HSU

Heilbrigðisstofnun Suðurlands starfrækir 9 heilsugæslustöðvar á 10 starfsstöðvum, í Hveragerði, Þorlákshöfn, Selfossi, Laugarási, Rangárbíngi (Hellu og Hvolsvelli), Vestmannaeyjum, Vík í Mýrdal, Kirkjubæjarklaustri og Höfn í Hornafirði. Einnig eru starfrækt tvö sjúkrahús, eitt á Selfossi og annað í Vestmannaeyjum. Á Höfn í Hornafirði eru einnig nokkur bráðarými. Að auki eru hjúkrunar- og hvíldarrými rekin á Selfossi og í Vestmannaeyjum. Á Selfossi er opin bráðamóttaka allan sólarhringinn. Á öllum heilsugæslustöðvum HSU er bráðavakt lækni fyrir neyðartilfalli. Þá annast stofnunin alla sjúkraflutninga á svæðinu. Hjá stofnuninni starfa um 581 manns að jafnaði í 359,1 stöðugildum.

HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR

Á öllum heilsugæslustöðvunum er veitt grunnþjónusta með áherslu á forvarnir og fræðslu. Þar er móttaka sjúklinga, bráða- og slysaþjónusta, vaktþjónusta, skólaheilsugæsla, heima-hjúkrun, mæðra- og ungubarnavernd, hjúkrunar- og sálfræðiþjónusta.

Heilsugæslan veitir fjölbreytta þjónustu lækna, hjúkrunarfræðinga og annarra heilbrigðisstétta, ásamt móttöku sérfræðinga.

Að auki sinnir heilsugæslan á Selfossi lækni- og hjúkrunarþjónustu á Litla Hrauni.

LYFLÆKNINGA- OG SJÚKRADEILDIR

Á Selfossi er veitt bráðaþjónusta í lyflækningum og þar er 18 rúma almenn lyflækningadeild. Haustið 2020 bættust við deildina fjögur líknarrými.

Í Vestmannaeyjum er starfrækt 12 rúma sjúkradeild (legudeild) fyrir almenna sjúkrahúsþjónustu.

BRÁÐA- OG SLYSAMÓTTAKA SELFOSSI

Sólarhrings bráðamóttaka er á Selfossi með tvö skammverurými. Bráðamóttakan sinnir afar víðfeðmu svæði, allt frá Hellisheiði að Lónsheiði. Á deildina koma íslenskir og erlendir ferðamenn og sá mikli fjöldi fólks sem býr og dvelur í sumarhúsabyggðum í nágrenni við Selfoss og í uppsveitum í Árnes- og Rangárvallasýslum.

HJÚKRUNARDEILDIR

Á Selfossi eru 40 hjúkrunarrými og 2 hvíldarrými á einni hjúkrunardeild, Foss- og Ljósheimum. Í Vestmannaeyjum eru 8 hjúkrunarrými og 1 hvíldar/biðrymi á sjúkradeild. Á báðum deildum er veitt meðferð til að efla og uppfylla andlegar, líkamlegar og félagslegar þarfir. Einnig er reynt að færa tilbreytingu inn í daglegar athafnir, efla tómstundastarf og veita fræðslu.

LJÓSMÆÐRAVAKTIR

Á Selfossi og í Vestmannaeyjum er ljósmæðrastýrð fæðingarþjónusta. Ljósmæður HSU sinna einnig konum með meðgöngu-tengd vandamál sem þurfa stutta innlögn eða göngudeildarþjónustu. Allri mæðravernd á Selfossi og í Vestmannaeyjum er sinnt af ljósmæðravaktinni. Auk þess sinna ljósmæður á HSU allri mæðravernd á öllum heilsugæslustöðvum HSU á Suðurlandi. Á Selfossi eru ljósmæður deildarinnar á bakvakt fyrir hjúkrunardeild HSU á næturnar.

GÖNGUDEILDIR LYFLÆKNINGA

Á Selfossi er rekin göngudeild lyflækninga alla virka daga og í Vestmannaeyjum tvisvar í viku fyrir sérhæfðar lyfjagjafir. Á göngudeild koma sjúklingar í blóðskilun, blóð- eða lyfjagjöf og vegna sjúkdóma eins og meltingarfæra-, húð-, tauga-, gigtar- og blóðsjúkdóma og krabbameina. Göngudeildir hjartasjúkdóma eru á báðum stöðum, þar sem gerð eru álagspróf og sólarhringsmælingar á hjartslætti og blóðþrýstingi.


SJÚKRAFLUTNINGAR

Aðalstarfsstöð sjúkraflutninga HSU er á Selfossi, en alls eru starfsstöðvarnar 6 talsins og sinna saman víðfeðmasta svæði landsins sem eitt lið sinnir, allt frá Hellisheiði austur í Lónsheiði. Undir þá falla fjölförnustu ferðamannastaðirnir á svæðinu upp-sveitir í Árnes- og Rangárvallasýslum og austur í Örfasveit, auk hálendissvæða sem því tilheyra.


AÐRAR DEILDIR

Sjúkra- og iðjupjálfarar og hreyfistjóri eru starfandi við HSU. Rannsóknastofur og myndgreiningadeildir eru á Selfossi, í Vestmannaeyjum og á Höfn í Hornafirði og sinna öllum deildum HSU ásamt dvalarheimilum og heilsustofnunum á svæðinu. Skrifstofa og yfirstjórn HSU hefur aðsetur á Selfossi. Heilbrigðisgagnafræðingar vinna á Selfossi og í Vestmannaeyjum og móttökuritarar starfa á öllum stöðvum.

Komur á BMT Selfossi




Heimahjúkrun




ÁR Á HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS



Samskipti á heilsugæslu



Sálfræðipjónusta




Samskipti yfir öll viðtöl, komur, símtöl, eftirlit o.fl.

ÁR Á HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS




Legudagafjöldi í sjúkrarýmum





Samtala á dagafjölda sem hver einstakur sjúklingur liggur inni á deild.

Meðallegutími í sjúkrarýmum



Meðallegutími hvers einstaks sjúklings mælt í dögum.



Almenn sjúkrahús með
bráðamóttöku



Læknir eða heilbrigðis-
starfsmaður á bráðavakt
fyrir neyðartilfelli



Heilsugæslustöð og
sjúkrarými



Heilsugæslustöð



Starfstöð sjúkrabíla með
vakt sjúkraflutningamanna
allan sólarhringinn

TÖLUR ÚR REKSTRI HSU í þúsundum króna

Yfirlit um afkomu ársins 2020 í samanburði við 2019


	2020	2019
TEKJUR		
Fjárveitingar og framlög á móti afskriftum	6.605.630	5.724.038
Rekstrartekjur	890.716	897.033
Tekjur alls	7.496.346	6.621.071
GJÖLD		
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	(5.033.355)	(4.402.692)
Annar rekstrarkostnaður	(2.206.704)	(2.283.683)
Afskriftir	(63.302)	(53.938)
Gjöld alls	(7.303.361)	(6.740.313)
Fjármagnsliðir	878	166
Afkoma ársins	193.863	(119.076)

GJAFIR TIL HSU 2020


Heilbrigðisstofnun Suðurlands er einkar lánsöm þegar kemur að góðvild í hennar garð. Á hverju ári færa velunnarar HSU stofnunni gjafir, bæði smáar sem stórar í formi tækja og peningagjafa til tækjakaupa. Að njóta slíkrar góðvildar frá einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum er ómetanlegt fyrir starfsseminu. Stofnunin fór ekki varhluta af samheldninni sem rýkti þetta árið. Fyrirtæki um allt þjónustusvæðið færðu starfsfólki HSU, sjúklingum og heimilsmönnum hjúkrunardeilda, gjafir í allskynns formi. Þegar Covid bylgjan stóð sem hæst og heimsóknarbann gildi og starfsfólk stóð langar vaktir þá kom það sér vel og gladdi alla að fá sætabrauð, mat og aðra þarfa hluti sem léttu lundina, verkin og innilokunina. Það er gott að eiga góða að, sérstaklega á þessum fordæmalausum tímum sem ríktu síðastliðið ár. Saman stöndum við eftir sterk fyrir vikið.

Starfsfólk HSU færir öllum hjartans þakki fyrir gjafirnar og þann góða hug sem að baki býr.

Sjúkrarúmanýting



Sjúkraflutningar



Hjá HSU störfuðu 581 manns árið 2020.

Meðalfjöldi stöðugilda er 359,1 og skiptust í eftirtalin ársverk:

- 81,0 ársverk hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra
- 50,9 ársverk sjúkraliða
- 36,5 ársverk við aðhlyningu
- 31,4 ársverk lækna og sérfræðinga
- 30,0 ársverk sjúkraflutningamanna
- 26,7 ársverk móttökuritarara og heilbrigðisgagnafræðinga
- 26,1 ársverk við ræstingu og þvotta
- 24,8 ársverk við afleysingar og annað
- 13,5 ársverk við innkaup, stjórnunar- og skrifstofustörf
- 12,9 ársverk við myndgreiningu og rannsókn
- 11,9 ársverk við eldhússtörf
- 4,8 ársverk við umsjón fasteigna
- 4,5 ársverk geðheilsuteymis og sálfræðinga
- 4,1 ársverk við endurhæfingu



Selfoss



Vestmannaeyjar



Höfn í Hornafirði



Hella



Hvolsvöllur



Hveragerði



Þorlákshöfn



Laugarás



Kirkjubæjarklaustur



Vík í Mýrdal

GILDI HSU



FAGMENNSKA

- Við búum yfir faglegri hæfni og umgöngumst notendur þjónustunnar af virðingu og nærgætni.
- Við erum opin fyrir þróun og nýbreytni í starfseminni og endurmetum vinnubrögð okkar í þeim tilgangi að bæta árangur.
- Við vinnum eftir skýrum verkferlum og virku gæðakerfi.



VIRÐING

- Við sýnum notendum og samstarfsfólki virðingu.
- Við hlustum og tökum tillit til ólíkra sjónarmiða við úrlausn mála og samskipti okkar byggja á trausti til hvers annars.
- Við kappkostum að veita þjónustu á grundvelli jafnræðis og vinnum saman að lausn verkefna með velferð notenda þjónustunnar að leiðarljósi.



SAMVINNA

- Við veitum góðri frammistöðu athygli og hvetjum hvert annað.
- Við deilum þekkingu og erum tilbúin að leita eftir handleiðslu hvert hjá öðru.
- Við vinnum saman sem ein heild við að sinna hagsmunum og þörfum þeirra sem til okkar leita.
- Við ástundum samvinnu við hagsmunaaðila.